

Nefndasvið Alþingis

20. desember 2001

Frá Prestafélagi Íslands vegna 19. máls, um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Nýlega barst Prestafélaginu frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Vegna mikilla anna á aðventu hefur stjórn PÍ ekki gefist ráðrúm til að skrifa greinargerð um þetta frumvarp - en öllum má vera ljóst að hér er um afar stórt mál að ræða. Af skiljanlegum ástæðum verður enginn tími til þess fyrr en á nýju ári og óska ég eftir því að fá að skila inn greinargerð að lokinni jólahátíð.

Hins vegar má segja strax að málefni ríkisins og þjóðkirkjunnar eru í ákveðnum farvegi í samræmi við nýleg lög frá Alþingi um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Og með þeim lögum var í mjög veigamiklum atriðum skilið á milli ríkis og kirkju í stjórnunarlegum þáttum sem og varðandi fjárhagslegt sjálfstæði, þó svo að enn séu formleg tengsl í ákveðnum málum.

Margar athugasemdir má gera við greinargerð frumvarpsins og ljóst er að flutningsmenn hafa ekki haft fyrir því að kynna sér þjónustu þjóðkirkjunnar víða um land sem og hverjir njóta hennar. Þannig gera þeir mikið úr því að núverandi fyrirkomuleg mismuni fólki af erlendum uppruna og af öðrum trúarbrögðum gagnvart þeim er tilheyra þjóðkirkjunni. Hið sanna er að fólk sem tilheyrir öðrum kirkjudeildum eða trúarhópum, hvort heldur það er innlent eða erlent, nýtir sér mjög þjónustu presta þjóðkirkjunnar um land allt, einnig hér í Reykjavík. Eru fyrir því ýmsar ástæður eins og ég hefi sjálfur reynt í prestsþjónustu minni hér í Reykjavík sem og úti á landi. Fæstir hinna smærri trúarhópa hafa t.d. nokkra möguleika á því að veita fólki víða um land nokkra þjónustu og því kemur það í hlut þjóðkirkjupresta. Í öðrum tilvikum óskar fólk eftir þjónustu þjóðkirkjupresta þó svo að þau hafi kost á þjónustu síns trúfélags, og eru fyrir því ýmsar ástæður. Það er því ljóst að hið þéttriðna net presta þjóðkirkjunnar um land allt tryggir öllum þeim sem búa hér á landi prestsþjónustu, hvort heldur er sálgæsla og ráðgjöf eða þjónusta við ýmsar athafnir, en mismunar ekki.

Stór orð um hvað sé 'sæmandi' og að vissum hópum þjóðfélagsins sé sýnt 'óréttlæti' eru ekki í nokkru samræmi við veruleikann og eru flutningsmönnum frumvarpsins ekki til sóma.

Um þetta frumvarp sem og margt í þessari greinargerð mætti hafa langt

mál, en verður að bíða betri tíma.

Bestu kveðjur

Jón Helgi Þórarinnsson, formaður Prestafélags Íslands.